

Samtök ferðapjónustunnar

Hafnarstræti 20
101 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbref: 511 8008
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P 127/1129
komudagur 12.3.2002



Samgöngunefnd Alþingis.
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til hafnarlaga, 386.mál, þingskjal 640.

Samtök ferðapjónustunnar hafa eftirfarandi athugasemdir fram að færa varðandi ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er lagður til sérstakur tekjustofn fyrir hafnir sem er farþegagjald og gjald fyrir bifreiðar sem ekið er um borð eða frá borði í ferju til þess að standa straum af kostnaði við aðstöðu og búnað fyrir farþega og bíla.

Fyrst og fremst er brýnt að tryggt verði að ekki verði ráðist í slíka gjaldtöku nema lagt hafi verið í þær framkvæmdir sem henni er ætlað að standa undir. Það er þekkt að slíkir gjaldstofnar eru nýttir til fullnustu án þess að sú þjónusta sem ætlað er að veita sé til staðar nema að litlu leyti. Benda má á það ósamræmi sem hlytist af t.d. gjaldtöku fyrir bílastæði farþega með skoðunarbatum eða stæði þar sem beðið er eftir að komast í ferju en aðrir notendur hafnarinnar væru lausir við öll bílastæðagjöld þó þeir legðu bílum sínum svo dögum skipti í þessi sömu stæði.


Verði slík gjaldtaka almenn er brýnt að bæði verði haft samráð við rekstraraðila og eins að gjaldtaka þessi sé samræmd milli hafna til að samkeppnisaðstaða ferðapjónustuaðila skekkist ekki. Hafnir landsins verða að gera sér ljóst að verði farið út í þessa gjaldtöku þá mun það kalla á endurbætur og framkvæmdir fyrir þennan bátaflokk. Við ákvörðun um framkvæmdir verður einnig að gæta þess vandlega að samræmi sé á milli rekstrarþátta og gjaldtöku því tómmt mál er að tala um samræmda gjaldskrá án þess að aðstaðan sé einnig samræmd.

Almennt séð eru samtökin mótfallin sérstakri skattheimtu á ferðapjónustu. Bæjarfélög sem þetta á við um hafa mjög miklar óbeinar tekjur af umferð ferðamanna sem eðlilegt er að horfa til í þessu sambandi.

Ljóst má einnig vera að gjaldi þessu verður velt út í verðlagið sem mun án efa hafa neikvæð áhrif á aðsókn ferðamanna. Mjög bagalegt er einnig að vita ekki um hvaða stærðir er að ræða. Að endingu má benda á að það verður að vera töluverður aðdragandi að slíku gjaldi þar sem ný verð eru gefnin út með árs fyrirvara.

Að lokum vilja samtök ferðapjónustunnar gagnrýna að nefndin og þeir sem kallaðir hafa verið á hennar fund eru frá öllum hagsmunasamtökum öðrum en ferðapjónustuskipum sem eru þó að flytja tugi þúsunda farþega á hverju ári.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar


Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri